

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað), 596. mál

Umsögn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins, hefur unnið að forvarnarmálum í marga áratugi og lætur sig lýðheilsumál skipta miklu máli.



Áfengi er engin venjuleg neysluvara. Áfengi er vara sem veldur margvíslegu tjóni meðal einstaklinga, fjölskyldna og í öllu samfélaginu. Áfengi er stór áhættuþáttur fyrir krabbamein.

Í fjölda rannsókna hefur verið sýnt fram á tengsl milli áfengisneyslu og nokkurra tegunda krabbameina. Því hefur áfengisneysla verið flokkuð sem þekktur krabbameinsvaldur hjá Alþjóðakrabbameinsrannsóknarstofnuninni (IARC).

Áfengisdrykkja getur valdið að minnsta kosti sjö mismunandi krabbameinum: Í munni, vélinda, koki, barka, lifur, ristli, endaparmi og brjóstum. Vísbendingar eru einnig um að áfengi auki líkur á fleiri tegundum krabbameina.

- Fleiri en 100.000 krabbameinstilfelli hjá körlum má rekja til neyslu áfengis í Evrópu árið 2018.
- Nærri 70.000 krabbameinstilfelli hjá konum má rekja til neyslu áfengis í Evrópu árið 2018.
- Nærri 92.000 dauðsföll af völdum krabbameina má rekja til neyslu áfengis í Evrópu árið 2018.

Allar tegundir áfengra drykkja, þ.m.t. bjór, vín og sterkt áfengi, geta valdið krabbameini. **Engin örugg mörk** eru á neyslu áfengis, hættan er fyrir hendi strax við neyslu lítills magns og eykst umtalsvert eftir því sem meira áfengis er neytt.

Þar af leiðandi getur Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins ekki mælt með frumvarpi dómsmálaráðherra, frumvarpi sem stuðlar að auknu aðgengi að áfengi. Þetta frumvarpi gengur þannig þvert á stefnu t.d. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Stofnunin hefur um áratugaskeið lagt til við aðildarþjóðir sínar að unnið verði markvisst að því að draga úr heildarneyslu áfengis, ekki síst með því að takmarka framboð á áfengi.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er talað um að leggja sérstaka áherslu á forvarnir og lýðheilsu. Frumvarp dómsmálaráðherra gengur í berhögg við þann sáttmála.

Frekari upplýsingar og heimildir: „Alcohol and Cancer in the WHO European Region: an appeal for better prevention“ (2020). <https://bci-hub.org/documents/alcohol-and-cancer-who-european-region-appeal-better-prevention>

Virðingarfyllt,

Árni Einarsson
formaður
Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Guðlaug B. Guðjónsdóttir
framkvæmdastjóri
Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins